

STJÓRN MÁLAÁLYKTUN 5. LANDSFUNDAR KVENNALISTANS
13.-15. NÓVEMBER 1987

Það er hefð fyrir því, að landsfundir stjórnmálaflokka sendi frá sér ávörp til þjóðarinnar. Samtök um Kvennalista sjá ekki ástæðu til að viðhalda þessari hefð óbreyttri. Stefna okkar birtist í vinnuaðferðum Kvennalistans, störfum hans og hugmyndum. Þetta er öllum frjálst að kynna sér, því fyrir liggur ítarleg stefnuskrá. Í lok landsfundar liggur okkur hins vegar þetta á hjarta:

Samkeppnis- og eiginhagsmunakerfi karlveldisins sundrar konum. Kvennalistinn beinir eftirfarandi spurningu til allra kvenna, hvar sem þær eru og hverjar sem aðstæður þeirra eru:

Er ekki kominn tími til að konur á öllum sviðum þjóðlífsins taki höndum saman á eigin forsendum? Er það ekki þannig, sem við getum leyst úr læðingi þá orku, sem ein verður til að bæta hag okkar? Eyðum ekki orku í að viðhalda kerfi, sem sjálft nýtur krafta okkar en neitar að taka tillit til eiginleika okkar og aðstæðna, - kerfi sem neitar okkur um réttmæta virðingu fyrir störfum okkar, launuðum og ólaunuðum, - kerfi sem neitar að taka mark á viðhorfum okkar.

Þau aumu kjör sem konum eru búin, bitna ekki á þeim einum, heldur á öllum, sem þurfa á umönnun að halda. Þess vegna er barátta kvenna ekki eiginhagsmunabarátta heldur í þágu heildar. Konur hafa í vaxandi mæli unnið að því að bæta kjör sín og stöðu eftir hefðbundnum leiðum en ekki haft erindi sem erfiði. Lærum af reynslunni, höfnum hefðum sem binda okkur í viðjar, troðum okkar eigin slóð.

Hlustum eftir eigin rödd og á raddir hver annarrar. Hlustum á rödd skáldkonunnar Jórunnar Sörensen sem segir:

ef þú gengur

of lengi

troðna slóð

hættirðu að sjá

upp úr tröðunum

gakktu

ótrauð

beint af augum

þegar efsta tindi er náð

mun ekkert

skyggja á útsýni þitt

en hugaðu

að fótabúnaði þínum

áður en þú leggur

í urðina